

# Svona moltum við í Akraseli



Á deildinni okkar höfum við tvær moltufötur sem við setjum grænmetis brauð og ávaxtaafganga í. Við þjöppum reglulega í tunnunni og töppum svo af safa sem kemur í botninn. Þegar fatan er orðin full tökum við hina fötuna og fyllum á hana. Á meðan bíður hin inni.



Þegar báðar föturnar eru orðnar fullar er farið með þá fyrri út og hún losuð.





Börnin hafa gaman af því að molta og taka þátt í starfinu og eru áhugasöm. Stundum er þó lyktin af moltunni ekki góð en þau láta það ekki á sig fá og halda bara áfram.

Eftir Hrekkjavökuna var farið að safna saman Graskerjunum og var farið með hjólbörur og þeim safnað saman á svölum deildanna. Vakti það mikla lukku og þurfti mikla og góða samvinnu við að keyra hjólbörurnar um. Þau voru svo sett í eitt beðið til að láta þau rotna og verða að mold.

